



11. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn á Ísafirði 19.október 2018

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Örn Guðnason (ÖG), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ, Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG) og Lárus B. Lárusson (LBL).

Forföll boðuð: Helga Jóhannsdóttir (HeJ), Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), og Gunnar Þór Gestsson.

1. **Fundur settur** kl. 20:10
2. **Framkvæmdastjórnarfundargerð nr.7** lögð fram. Stjórn samþykkir að framkvæmdastjórn vinni með framkvæmdastjóra að aldurstengdum starfslokum fjármálastjóra og jafnframt að skoða hvernig fjármálastjórn hreyfingarinnar verði best fyrirkomid í framtíðinni. Fundargerðin samþykkt.
3. **Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.** Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni að undanförmu.
4. **Fjármál – fjárhagsáætlun 2019.** Farið yfir rekstraráætlun næsta árs, sem lögð verður fyrir Sambandsráðsfund.
5. **Frá nefndum;** fjárhags- og húsnæðisnefnd varðandi húsnæðismál, í samræmi við samþykkt síðasta sambandsþings. GS og AIP kynntu niðurstöður nefndarinnar. Stjórn samþykkir húsnæðisstefnuna og leggur eftirfarandi tillögu fyrir sambandsráðsfund:

42. sambandsráðsfundur UMFÍ, haldinn á Ísafirði 20.október 2018,

veitir stjórn UMFÍ heimild til þess að kanna möguleika á og selja húsnæði UMFÍ að Sigtúni 42, fáist viðundandi verð fyrir. Í framhaldinu yrði gengið frá kaupum eða leigu á nýjum höfuðstöðvum sem mæta þörfum starfseminnar.

Húsnæðisstefna

Húsnæði UMFÍ á að styðja við þær kröfur sem gerðar eru til starfsemi hreyfingarinnar á hverjum tíma. UMFÍ vill búa vel að starfsfólki sínu og að því líði vel á vinnustað. Aðbúnaður og vinnuástaða starfsfólks á að vera til fyrirmyndar og sambærileg við það sem best gerist. Þó skal ráðdeildar ávallt gætt í hvívetna og að vel sé farið með fé hreyfingarinnar. Húsnæði UMFÍ skal ávallt standa sambandsaðilum opið og að þeim standi til boða að nýta sér aðstöðuna til eflingar starfsins þeim að kostnaðarlausu.

6. Ungmennabúðir; tillaga til fræðslunefndar

Stjórn felur Fræðslunefnd UMFÍ að endurskoða námskrá Ungmenna- og tómstundabúðanna.

Greinargerð með tillögu til Fræðslunefndar: Fyrir liggur að breytingar munu verða á rekstri Ungmenna- og tómstundabúða UMFÍ á Laugum í Sælingsdal þar sem leigusamningur við Dalabyggð rennur út á miðju ári 2019. Verið er að vinna að flutningi búðanna að Laugarvatni í Bláskógabyggð en er þó ekki frágengið þegar þessi fundur fer fram.

Við flutning á annan stað, telur stjórn UMFÍ, rétt að endurskoðun fari fram á námskrá búðanna, samræma hana meira við skólaumhverfi okkar. Einnig að um leið verði lögð meiri áhersla á að markmið, viðhorf og gildi UMFÍ komist sem best til skila s.s. félagsleg sjónarmið, umhverfissjónarmið og lýðheilsusjónarmið.

7. **Sambandsráðsfundur;** tillögur og undirbúningur – Farið yfir tillögur sem lagðar verða fyrir sambandsráðsfund.

8. Tilnefningar fulltrúa UMFÍ nefndir og vinnuhópa:

- a. ÖG skipaður í íþróttanefnd ríkisins og JSI til vara.
- b. GS skipaður í vinnuhóp íslenskra getrauna.

9. Bréf sem borist hafa:

- a. 09.10.´18 Bréf frá UMSE varðandi ULM. - Afgreiðslu frestað. Stjórn óskar eftir nánari greinargerð varðandi málið.
- b. 18.10.´18 Bréf frá UÍA. – GG vék af fundi undir þessum lið. Ómar Bragi Stefánsson kom inn á fundinn undir þessum lið. Stjórn frestar afgreiðslu erindisins og óskar eftir fjárhagsáætlun og lokauppgjöri ULM 2017, frá UÍA fyrir næsta stjórnarfund.

10. Önnur mál:

- a. Heimsókn ráðherra – Mennta og menningarmálaráðherra kemur í heimsókn á höfuðstöðvar UMFÍ, föstudaginn 2. nóvember, kl. 15:00. Framkvæmdastjóra falið að senda fundarboð á stjórn.
- b. Hvatningarverðlaun UMFÍ – Samþykkt að veita hvatningarverðlaun UMFÍ á sambandsráðsfundi.
- c. Stjórn samþykkir að ákvæði um lokauppgjörsfund skuli koma inn í samninga við mótshaldara Unglingalandsmóta og annara móta.

**SÓJ ritaði fundargerð.
Fundu slitið kl. 23:01**